

Ársskýrsla Handís**Starfsárið 2016-2017****11. maí 2017****Um félagið**

Handís verður 17 ára á þessu ári en félagið var stofnað 23. júní 2000.

Stjórn

Í stjórn sátu og skiptu með sér verkum sem hér segir :

Ella Kristín Karlsdóttir, formaður

Björg Guðmundsdóttir, varaformaður

Ólöf Unnur Sigurðardóttir, gjaldkeri

Eyrún Jónsdóttir, ritari

Ragnheiður Sverrisdóttir, meðstjórnandi

Guðrún Einarisdóttir, varamaður

Ingibjörg Ásgeirsdóttir, varamaður

Skoðunarmenn reikninga

Hallveig Finnbogadóttir

Ingibjörg Ásgeirsdóttir

Engar breytingar urðu á stjórn frá fyrra ári. Góður starfsandi ríkti í stjórn og einhugur var ríkjandi um þau mál sem komu inn á borð stjórnar. Á starfsárinu voru haldnir 4 stjórnarfundir, fræðslufundur og einn hádegisverðarfundur var haldinn á árinu.

Fræðslufundurinn var haldinn 17. nóvember. Gestur fundarins var Sólveig Anna

Bóasdóttir prófessor í guðfræðideild Háskóla Íslands. Erindi hennar hét :

Kærleikur og líknsemi. Hugleiðingar um þjáningu og ofbeldi.

Félagið hefur komið að undirbúningi að námi í handleiðslu sem hófst við Háskóla Íslands haustið 2016.

Haldinn var hádegisverðarfundur 21. febrúar í Gerðarsafni í Kópavogi. Þar var verið að ræða málefni félagsins t.d. fyrirhugaða heimsókn Peters Hawkins.

Félagið hefur hafið undirbúning að komu Peter Hawkins 24. maí 2018. Hugmyndin er að halda Master class í einn dag með áherslu á hóphandleiðslu. Að þessu sinni reyndist ekki áhugi á lengra námskeiði.

Félagsmenn og félagsgjöld

Í dag eru félagsmenn 30 og árgjald er kr.3000.-

Leiðarljós stjórnar eru þau sömu og í reglum félagsins.

- Að stuðla að þróun og hagnýtingu handleiðslu í starfi fagstétta.
- Að stuðla að viðhaldi fræðilegrar og verklegrar þekkingar um handleiðslu með fyrirlestrum og námskeiðum.
- Að kynna handleiðslu sem starfs- og fræðigrein, - kosti hennar og gildi í faglegu starfi.
- Að vernda hagsmuni þeirra sem starfa að handleiðslu og stuðla að því að þeir uppfylli fyllstu kröfur um þekkingu og siðgæði í starfi.
- Að stuðla að samheldi meðal félagsmanna og samstarfi við sambærileg félög í öðrum löndum.

Upplýsingamál

Heimasíðan- www.handleidsla.is

Markmið stjórnarinnar er að á heimsíðunni verði jafnan nýjar fréttir um félagið og félagsstarfið. Heimasíðan er því uppfærð reglulega

Um starfsemi nefnda og fleira

Störf fastanefnda

Í félaginu eru tvær fastanefndir kynningarnefnd og siðanefnd.

Í siðanefnd eru þær Björg Karlsdóttir og Guðrún Einarsdóttir.

Í kynningarnefnd Ingibjörg Ásgeirsdóttir, Guðrún Sederholm og Ella Kristín Karlsdóttir.

Fastanefndir skila munnlegri skýrslu til aðalfundar.

Stjórn þakkar fulltrúum í nefndum fyrir vel unnin störf.

F. h. stjórnar Handís
Ella Kristín Karlsdóttir,
formaður